

Um höfundinn Cristina Civalé og tvær þýddar smásögur hennar

Argentínski rithöfundurinn, blaðamaðurinn og menningarfrömuðurinn Cristina Civalé (f. 1960) lauk BA-gráðum í fjölmiðlun og bókmenntafræði frá Buenos Aires-háskóla árið 1985 og framhaldsnámi í handrita- og kvikmyndagerð frá San Antonio de los Baños kvikmyndaskólanum á Kúbu árið 1988.¹ Eftir hana liggur fjöldi myndverka og hún hefur starfað sem pistlahöfundur hjá dagblöðum og tímaritum í Argentínu, á Spáni og Ítalíu, meðal annars fyrir *Ñ*, menningarkálf stórblaðsins *Clarín*. Menningar- og þjóðfélagsmál eru henni hugleikin þótt aðaláhersla pistlaskrifa hennar í seinni tíð sé innan kvikmyndarýni.

Civalé á að baki fjölskrúðugan rithöfundaferil. Hún kom fyrst fram á ritvöllinn með útgáfu þriggja skáldsagna á tíunda áratug síðustu aldar (þ.e. *Hijos de la mala madre* (1993), *Chica fácil* (1995) og *Perra virtual* (1998)). Bækurnar ollu miklu fjaðrafoki vegna hispurslausra frásagna af lífi örvæntingafullra kvenna á barmi taugaáfalls. Kvenpersónur umræddra verka eru lauslátar, hefnigjarnar og graðar. Þær drekka ótæpilega og neyta eiturfylla, þær láta sig viðhorf annarra engu varða og gera lítið úr atgervi og áhrifum karla.

1 Civalé hefur leikstýrt þó nokkrum stutt- og heimildarmyndum: Meðal þeirra eru: *Un hombre en el pasillo* (1987); *Mucho macho*, *Todos los hombres son mortales*, *Yo no soy una cualquiera* og *Indulto no!* Að auki hefur hún tekið þátt í gerð sjónvarpsseríanna *De poeta y de loco* (1996) og *Laura y Zoe* (1998) og skrifaði ásamt Graciela Maglie handrit kvikmyndarinnar *Un argentino en Nueva York* (1997).

Þær ögra viðteknum hugmyndum um konuna sem göfuga, hreinlynda og heilsteypta veru sem setur þarfir og langanir annarra umfram sínar eigin um leið og þær gangast við skorti á eftirtektarverðum fyrirmyndum.

Í kjölfarið gaf Civalé út bækur sem byggðust á rannsóknarblaðamennsku með sjálfsævisögulegu ívafi. Meðal þeirra eru Þrælar: Aðkallandi skýrsla um flóttafólk á Spáni (*Esclavos: informe urgente sobre la inmigración en España*, 2004), Argentínskur iðnaður: Samtímalist í smíðum (*Industria argentina: arte contemporáneo en construcción*, 2007), Vitnisburðir frá landamærum: ferðir um mörk tilverunnar (*Crónicas desde la frontera: viajes al mundo trans*, 2008) og Þúsund og ein nótt: Saga einnar nætur í hafnarborginni (*Las mil y una noches, una historia de la noche porteña*, 2011). Árið 2019 kom svo út bókin Brjóstalist: Konur sem breyttu listasögunni (*El arte en tetas. Mujeres artistas que cambiaron la historia del arte*, 2019).

Cristina Civalé hefur frá aldamótum verið atkvæðamikil á vettvangi fagurbókmennta. Eftir hana liggja smásagnasöfnin *Drykþekjusögur* (*Cuentos alcohólicos*, 2009) og Örhamingja og aðrar sögur (*Microfelicidad y otros relatos*, 2013) auk skáldsagnanna: Þú verður maður lífs míns (*El hombre de mi vida serás tú*, 2002), Vertu sæl Ameríka (*Adiós América*, 2005), Börn: Langt frá Disneylandi (*Niños. Lejos de Disneylandia*, 2006). Síðustu verk hennar, sem öll hafa komið út hjá Milena Caserola útgáfufyrirtækinu, eru skáldsögurnar Konurnar (*Las tipas*, 2014), Fjölskyldusaga (*Una historia familiar*, 2016) og Mögulegir glæpir (*Los crímenes posibles*, 2022), auk ljóðabókarinnar Hamingjudagar (*Los días felices*, 2023).

Frásagnarmáti Civalé er ögrandi, snarpur og óvæginn. Hún fangar athygli lesenda með því að beina sjónum að skúmaskotum sem fáir fjalla um og gerir það með því að afhjúpa veikleika sögupersóna sinna sem birtast gjarnan í formi öfundar, óöryggis og heiftar – jafnvel illsku. Margar þeirra – sem oftast eru konur – falla á eigin bragði og þurfa að horfast í augu við hvernig lítilmannleg áform þeirra misheppnast. Verkin spretta úr borgarsamfélagi þar sem almennt vantraust ríkir meðal íbúa og fjölskyldubönd hafa gliðnað. Samskipti kynjanna eru oftast en ekki byggð á fölskum forsendum, brostnum vonum og vansæld, og hver og einn olnbogar sig áfram

í hversdagslegum aðstæðum. Mistök, vonbrigði og jafnvel afhroð eiga við um sögulok margra verka Civala en þrátt fyrir það er tónninn hvorki vonleysislegur né mótaður af uppgjöf. Því ræður glettinn hæðnistónn og umburðarlyndi höfundar gagnvart breyskleikum sögupersóna sinna.

Í verkum sínum vinnur Civala síendurtekið með mörk, viðmið og andstæður. Framsetning hennar á flaðandi landamærum snilli og brjálsemi, heilbrigðis og fíknar, kyns og kyngervis, minnis og gleysku leiða lesandann að ákallandi spurningum um mörk lífs og dauða, ástar og haturs, góðs og ills og þess sem er viðtekið og bannað. Um eigin skrif segir Civala:

Skriftir móta allt sem ég geri og orðin hríslast um mig. Ég skapa, legg til, virkja hugmyndir og held sífellt áfram. Eftir mig liggja annálar, erótískar sögur, frásagnir af skipbrotum og spennandi skáldsögur sem þaðra jafnt við melódrama og ádeilu. Það að skrifa gerir mér kleift að leika mér, týnast, ljúga, uppgötva, kanna, veita andspyrnu og horfa út fyrir eigið sjálf en kafa jafnframt í það. Ég skrifa af því að aðrar gerðu það á undan mér.²

Sögurnar „Gin og tónik“ og „Gin“ sem hér birtast í þýðingu úr spænsku á íslensku, eru úr smásagnasafninu *Drykþjúsögur* (*Cuentos alcohólicos*, 2009) og afhjúpa fágætan heim kvenna sem drekka óhóflega í von um að áfengið töfri fram tilveru sem vert er að lifa og laði fram sögur sem verðskulda það að vera sagðar.³

2 „La escritura define mi acción y atraviesa mi cuerpo: aliada a él, creo, propongo, activo y sigo andando. En este sitio intento recopilar mis escritos diversos: crónicas y cuentos eróticos, relatos derrotados, novelas que tejen su suspenso coqueteando promiscuamente con el melodrama, pero también con la sátira. Escribir me permite jugar, escapar, mentir, inventar, vagar, resistir, mirar fuera de mí y dentro. Escribo porque antes otros lo hicieron“ (af heimasíðu höfundar <https://ar.linkedin.com/in/cristinacivale00>).

3 Í 2023 hefti *Milli mála* birtust þýðingar á sögunum „Malbec“ og „Bloody Mary“ (bls. 222–232), eftir Cristinu Civala.

Gin og tónik¹

Ég var nýbúin að slökkva á símanum. Ég vildi ekki vita af því að hann hringdi ekki. Ég kaus óvissuna frekar. Hún jaðraði við fullvissu. Þögnin olli mér kvöl, þessi þögn sem hann beitti til að stjórna mér. Af sömu ástæðu kaus ég mína eigin uppgerðarþögn, mína úthugsuðu pyntingu. Í þetta skiptið vissi ég að ef hann gæfi ekki frá sér eitthvert merki ættu orðin sem ég ætlaði honum ekki lengur við. Aldrei framar. Ég gæti ekki einu sinni ávarpað hann því hvað hefði ég svo sem að segja. Ekkert. Alls ekkert.

Hann lagði á ráðin um refsingu eftir sérhvert rifrildi okkar og lengd þagnarinnar valt á því hvaða einkunn hann gaf ósamkomulaginu. Í raun voru þetta bara skoðanaskipti, ólík sjónarhorn á hversdagslega hluti. Eins og:

-Veitingastaðurinn sem þú valdir var ömurlegur.

-Ég var stórhrifin af matnum og umgjörðinni. Þjónustan var góð.

-Ó nei, trúðu mér, staðurinn var virkilega nöturlegur.

Eða:

-Þú verður að æfa meira. Það var þér að kenna að við töpuðum aftur í tennis.

-Ég hata tennis. Ég er hrifin af einstaklingsíþróttum. Ég spila til þess að vera með þér.

-Nú já, svo þú ert að gera mér greiða.

-Hafðu það eins og þú vilt.

Eða:

-Þú skiptir ekki um vatn á blómunum í svefnherberginu. Vatnið er fúlt.

1 Úr bókinni *MICROFELICIDAD y otros relatos* eftir Cristinu Civalé (2013, bls. 307–314).

-Heimilishjálpin hefur gleymt því. Ég skal gera það núna.

-Þú verður að fylgjast betur með.

-Allt í lagi, en það er ekki eins og þetta sé eitthvert stórmál. Þú getur líka sjálfur skipt um vatn.

-Ef vatnið fúlnar skapar það slæmt karma.

-Karma? Síðan hvenær fórst þú að nota orðið karma?

Eða:

-Mig vantar nokkrar hvítar skyrtur, úr hreinni bómull.

-Það fást mjög góðar skyrtur í Ona.

-Ég segi þetta til þess að þú farir og kaupir þær fyrir mig.

-Fyrirgefðu, elskan, en ég hef ekki tíma.

-En þú hefur tíma til eigin innkaupa.

-Það er langt síðan ég hef keypt mér eitthvað. Hvað ertu að gefa í skyn?

-Að þú sért að víkja þér undan.

Eða ...

Við töluðum ekki um neitt annað. Hver einasta tillaga frá mér sem samræmdist ekki hans eigin hugmyndum varð í huga hans hluti af umfangsmiklu samsæri. Í algjöru ósamræmi við tilefnið. Óásætlanleg óhlýðni mín, óstýrilæti mitt: valdahröki hans.

Þegar við kynntumst fyrir fimm árum hafði ég gaman af þessum frekar barnalegu kenjum og átti það jafnvel til að leita sátta sem leiddu til þess að við skelltum upp úr og duttum í það með því að drekka heila könnu af heimalöguðu gini og tóník. Síðan elskuðumst við og spjölluðum saman þar til við liðum út af.

Þegar á leið fór mér að standa á sama um reiðiköst hans. Þá leiddi áhugaleysi mitt á kaldrifjaðri þögninni á endanum til þess að við byrjuðum aftur að tala saman, eins og ekkert hefði farið úr-skeiðis. Hann var þá búinn að skipta gininu út fyrir nýkreista ferska safa sem hann útbjó sjálfur. Ekki ég. Tilefni langra þagna hans lá þar með í láginni og þegar hann fann hjá sér löngun til að tala við mig spurði ég ekkert út í það heldur svaraði með rósemd. Það var eins og ekkert hefði truflað líf okkar og í sannleika sagt fannst mér það ekki truflandi. Eða svo hélt ég.

En fyrir nokkrum mánuðum fóru kenjar hans að valda mér hugarangri þar sem mér fundust þær ekki lengur jafn barnalegar. Þá var hann kominn á það stig að reyna gagnert að auðmýkja mig.

Kannski var það ég sem var orðin vænisjúk. Hvað sem því líður þá skiptir það ekki öllu máli. Sársaukinn situr eftir. Nístandi sársauki.

Það var einmitt ástæða spurninganna. Þær voru afleiðing tómlætis sem espaði hann upp. Ef til vill gaf það honum til kynna að hann hefði hitt í mark. Í sólarplexusinn minn. Eftir að hafa stappað í mig stálinu með nokkrum gin og tónik, sem ég blandaði mér á sama stað og hann kreisti safana sína, hófst spurningaregnið. Ég verð að viðurkenna að spurningar mínar báru keim af ölvun og gremju sem ollu því stundum að ég drafaði: *Af hverju segirðu ekkert? Hversu lengi heldurðu að þögnin vari í þetta skiptið? Hvert er vandamálið núna? Heldurðu að við getum haldið svona áfram alla ævi?*

Hegðun mín varð að hreinasta einelti. Ég veit það. En ég vissi ekki hvað annað ég átti til bragðs að taka. Ég varð að hreyta í hann einhverjum orðum. Það gerði auðvitað illt verra, sjálfhverfa hans virtist beinast að mér.

Þreytandi spurningaflóðið pirraði hann og hver þögn vatt upp á sig með endurtekinni þögn. Þegar hér var komið sögu forðaðist hann að horfa á mig. Tómléikaský umvafði mig og fjarrænt augnaráð hans fyllti mig angurværð og depurð. En seinna, þegar liðið var á nóttina, snerti hann mig blíðlega og við sættumst. Eða eitthvað í þá veru. Síðan ríkti aftur þögn. Kynlíf okkar varð stöðugt vélrænna og fyrirsjáanlegra.

Með lokuð augun galopnaði hann munninn og kæfði fullnægingu sína. Ég var orðin því vön að gera mér upp mínar og mér stóð á sama. Ég lét nægja að tjá mig með lágværum stunum sem nægðu þó tæpast til að hylja vonbrigðin. Síðan fór ég á fætur og kláraði ginblönduna einsömul. Stundum blandaði ég mér í aðra könnu og drakk þar til ég leið út af, þyrst í svefn og óminni.

Daginn eftir beindi hann orðum sínum aftur að mér. Hann stærði sig af lélegri frammistöðu, líkt og hún gæfi honum rétt, líkt og ég verðskuldaði fyrirgefningu hans þar sem hann hafði látið svo lítið að snerta mig og ég hafði leyft honum það.

Í þetta skiptið hafði rifrildið staðið í eina mínútu og fjórar setningar.

-Ég kem ekki til með að geta tekið frí í janúar. Finnst þér slæmt að breyta dagsetningunni? sagði ég við hann.

-Og ertu fyrst að láta mig vita það núna?

-Ég var að komast að þessu í dag. Ég gat ekki látið þig vita fyrr.

-Þú tekur því sem gefnum hlut. Gerðu það sem þér sýnist.

Hann var nýkominn úr langri vinnuferð og ég hafði beðið hans full tilhlökkunar, heimskulegrar einfeldningslegrar eftirvæntingar. Ég veit ekki hvers vegna ég hélt áfram að bíða hans, þrátt fyrir vaxandi tómið á milli okkar. Það var eins og endurfundir fælu í sér nýtt upphaf. Ég var full ungæðislegrar löngunar vegna endurfundanna. Ég bjó mig undir það að stinga upp á lítilsháttar breytingu á plönunum okkar fyrir sumarið. Gott atvinnutilboð gæti orðið til þess að fresta þeim. Og peningarnir kæmu okkur báðum vel.

Eftir stutt samtal – sem hann sneri í rifrildi – lokaði hann sig af á baðherberginu. Tveimur tímum síðar kom hann fram og var þá kominn í náttfötin sem hann klæðist venjulega þegar hann er veikur og geymir á snaga í baðherberginu, undir náttsloppnum. Hann skreið upp í rúmið okkar, lagðist skáhallt yfir það og tók allt plássið.

Ég náði mér í teppi og hnipraði mig saman í sófanum með könnu af gini og tónik, þá þriðju sem ég hafði blandað mér frá því að hann lokaði sig inni. Ég átti samt erfitt með að festa blund.

Snemma næsta morgun heyrði ég hann sýsla í eldhúsinu. Ég fór á fætur með það í huga að við borðuðum morgunverð saman, en hann var þá á leiðinni út. Ég kyngdi spurningatuggunni og hann forðaðist að líta á mig. Hann lokaði hurðinni hægt á eftir sér án þess að kveðja. Refsingin var að því er virtist framlengd. Fram eftir morgni reyndi ég að ná í hann í gegnum farsímann en hann svaraði ekki hringingum mínum.

Um hádegisbil skrápp ég út í gönguferð. Ég rölti í kringum tjörnina í almenningsgarðinum. Mér reyndist ómögulegt að einbeita mér að vinnunni. Þótt ég þyrfti að ljúka við tvær þýðingar, lét ég þær afskiptalausar á borðinu, buguð af yfirþyrmandi ástandinu. Eftir að hafa gengið fimm hringi umhverfis tjörnina hélt ég rakleiðis í næstu verslun og keypti mér ilmvatn af handahófi, það fyrsta sem afgreiðslukonan sýndi mér. Það gaf frá sér sterkan og áleitinn moskusilm. Mér fannst það fullkomið. Ég þurfti einmitt á því að halda að áreita.

Þegar ég kom heim, kveikti ég aftur á símanum og rifjaði upp samskipti okkar. Síðustu orðaskipti okkar. Ýkt viðbrögð hans og

refsing gáfu til kynna að við værum komin á endastöð. Að viðsnúningur væri ekki mögulegur. Ég vissi ekki nákvæmlega hvað fælist í þessari endastöð en hún var ekki notalegur staður að vera á.

Um áttaleytið, einmitt þegar von var á honum, lét ég renna í bað. Ég sleppti froðu, baðsöltum og kertum. Í þetta skiptið sleppti ég afslappandi tímaritum og reyndi einfaldlega að slaka á. En vissulega hafði ég með mér eina ginblöndu í viðbót.

Hann kom á meðan ég var að þurrka mér. Hann stóð þétt upp við mig, horfði með vanþóknun á könnuna og hvessti á mig rannsakandi augunum. Hann beindi að mér þessu augnaráði og svip sem voru orðin svo einkennandi þessa síðustu mánuði. Hann lagði skalatöskuna ofan á klósettið og sagði loks:

-Febrúar væri ekki svo slæmur fyrir mig.

Hann hafði vart sleppt orðinu þegar hann byrjaði að afklæðast og lagðist í baðkarið. Í sama vatnið og ég hafði notað og var örugglega orðið kalt. *Febrúar, mars, aldrei*, muldraði ég með sjálfri mér. Allt hljómaði jafn ómerkilegt og það var falskt.

Ég lauk við að þurrka mér og yfirgaf baðherbergið með baðhandklæði vafið um mig. Ég klæddi mig í svefnherberginu. Ég valdi einn af uppáhaldskjólunum mínum. Þennan sem vekur hjá mér þá kennd að ég sé ómótstæðileg og falleg.

-Já. Febrúar er fullkominn, finnst mér, sagði ég við hann, þrúðbúin í hálfopnum dyrum baðherbergisins. Ég beið ekki eftir svari, úðaði nýkeypta ilmvatninu yfir allan líkamann og fór síðan út í leit að nýjum bar. Einhverjum sem ég hafði aldrei komið á áður. Ég var búin að fá nóg af heimalöguðu gini og tónik.

Ég hafði heyrt um Flandres-barinn, stað þar sem barþjóninn var örlátur, tónlistin lágstemmd og stemningin hlýleg. Þangað hélt ég fótgangandi. Hann var ekki langt í burtu. Á leiðinni hringdi ég í gamlan elskhuga. Hann svaraði ekki. Síðan hringdi ég í annan, enn eldri, sem svaraði ekki heldur. Ég hringdi þrisvar í viðbót með á móta árangri. Það ríkti þögn á hinum enda línunnar hvert sem hún teygði sig.

Þegar ég var komin á barinn pantaði ég mér Bombay Sapphire gin og tónik og á meðan ég beið hringdi ég í hann. Hann svaraði eftir tvær hringingar með orðunum: „Sæl, elskan“.

Ég sagði honum hvar ég væri og tjáði honum að það væru frá-

bærir safar á Flandres-barnum. Ferskir og úr framandi ávöxtum. Ég fékk Bombay-gin og tónikið mitt.

Það er liðinn hálf tími síðan ég hringdi og ég er enn að bíða. Ég var að slökkva á farsímanum. Ég vil ekki vita að hann muni ekki biðjast afsökunar á því að koma ekki. Ég vil ekki vita að hann ætli ekki einu sinni að reyna það. Ég gæti alls ekki umborið upplogna afsökun sem sett er fram af kæruleysi.

Ég panta annan drykk. Ég lít á símann og gef hann svo ungum ferðamanni. Sennilega er hann þýskur. Ég held drykkjunni áfram.

Það ríkir þögn.

Ég þrái mína eigin þögn. Ég þarf að skipuleggja hvernig ég ríf úr honum tunguna á meðan hann sefur.

Þá fyrst verður dauðþögn.

Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr frummálinu

Gin¹

Ég hafði aldrei ímyndað mér að brotthvarf hans yrði blóði drifið. Hann dó rétt í þessu. Farinn að eilífu. Hann ákvað að yfirgefa mig á þennan miskunnarlausa hátt. Hann skaut sig með hægri hendi beint í hjartastað. Hann valdi að sviðsetja lokaatriðið í rúminu okkar. Skildi eftir stutt bréf til móður sinnar. Í því útskýrir hann að byssukúlan hafi verið hans hinsta ósk. Minntist ekkert á mig, engar útskýringar, engin ámæli. Aðeins lík hans í óafturkræfu ástandi í rúminu: bláköld tileinkun.

Ég fann þau. Hann og bréfið. Ég vildi ekki koma nálægt neinu, hvorki bréfinu né líkinu. Hvorugt tilheyrði mér. Ekki heldur minn eigin líkami þegar kalt hörund hans straukst við mitt, né heldur þegar ég las orðin sem ætluð voru annarri konu en mér. Ég slepti tökunum. Eitthvað bærðist innra með mér og hélt áfram að tifa. Lífið héldi áfram þótt hann væri látinn. Ég var annars hugar í jarðarförinni og fór ekki með bænina þegar síðustu moldinni var mokað yfir leiðið. Fólk reyndi að hugga mig með því að klappa mér á öxlina. Það eina sem ég man er að það fór í taugarnar á mér og ég hörfaði undan snertingunni. Ég hafði ekki þörf fyrir aðra. Ég grét heldur ekki eða talaði, blótaði ekki einu sinni. Ég var þögul. Þögnin hafði náð tökum á mér eins og hún væri eina færa leiðin. Ég lokaði mig inni á heimilinu. Dökkleit rúmfötin, þau sömu og voru á rúminu daginn sem hann dó, urðu mitt eina skjól. Ég ætlaði ekki að yfirgefa staðinn. Aldrei. Ég fyllti þögnina með angurværum hljóðum harmonikkunnar í laginu *Reminiscencia* í flutningi Piazzolla. Ég stillti græjurnar á endurflutning svo spiluninni myndi aldrei ljúka. Hún stöðvaðist aðeins ef rafmagnið færi af. Öðru hverju tók ég stóra sofa af gini; oftast en ekki kastaði ég upp. Þótt byssukúlan

1 Úr bókinni *MICROFELICIDAD y otros relatos* eftir Cristinu Civalé (2013, bls. 359–366).

hefði ekki verið ætluð mér fór hún samt í gegnum mig eins og hver einasti tónn harmonikkunnar sem sló mig eins og dauðinn. Ég var svo kvalin að ég kom einungis út úr mér sex orðum: „Af hverju að kúga mig svona?“ Þessi spurning ásótti mig í bjargarleysi mínu og ginvímu. Þegar harmonikkann hljóðnaði skyndilega fann ég ákallandi þörf fyrir að fara á fætur. Nú var ekkert sem róaði mig lengur. Mig svimaði. Ég vissi ekki hvort gólfið sem ég stóð á var raunverulegt eða ímyndun. Þetta athvarf mitt var í senn þvælt og sóðalegt. Ég gerði tilraun til að vera sú sem ég hafði verið og bjó mig undir að leita svara sem linuðu þjáningar mínar. Drukkin? Man það ekki. Sannleikurinn skipti mig aldrei máli. Þess vegna gat ég farið á milli raunveruleika og ímyndunar. Ég komst á staðinn þar sem ég gæti mögulega skilið það sem gerst hafði. Á staðinn sem hann komst ekki til en hefði mögulega komið í veg fyrir að hann hleypti af byssunni.

Ég hafði heyrt af þessu þorpi en þekkti enga sem höfðu farið þangað. Það var ekki á neinu landakorti en því brá fyrir í sögu-sögnum. Það var komið í flokk þjóðsagna. Vegna minna sérstöku kringumstæðna var það eini staðurinn sem ég gat hugsað mér að heimsækja til að bæja frá mér þeim efasemdum sem leyfðu mér ekki að lifa, þessari stóru spurningu sem hverfðist um ósanngjarna kúgun hans.

Ég þurfti að fara yfir ána og sýna vegabréf. Frá landamærunum keyrði ég bílaleigubílinn meðfram ströndinni í níu klukkustundir. Ók í bíl með lituðum rúðum eins og mér hafði verið ráðlagt og kom loksins að ströndinni sem ég var að leita að. Ég fann staðinn vegna óvenjulegra kláfa sem lágu yfir steinlagða víkina sem bregður aftur og aftur fyrir í sögunum. Ég stöðvaði bílinn við ströndina og steig út. Tómir kláfarnir fóru upp og niður, hring eftir hring. Enginn hafði eftirlit með þeim. Ég gat ekki að því gert en með sömu nákvæmu og kröftugu hreyfingunum og ég var von að taka í rólurnar þegar ég var lítil, stöðvaði ég einn og settist upp í hann. Þegar ég var komin upp ropaði ég. Beiskt bragðið af gininu fann sér leið að vörum mínum en ég kastaði ekki upp.

Leiðin upp gekk hægt og ég gat næstum dregið fæturna eftir jörðinni. Úr sætinu sá ég fólk í þorpinu sem hreyfði sig enn hægar en kláfurinn. Þegar upp var komið blasti við lítil kapella í stíl

Vatíkansins. Ég fór inn í hana. Svo virtist sem þarna væri heiðraður einn karlkyns dýrlingur vegna stytta af honum í himinbláum kyrtli einum klæða. Hann bar geislabaug yfir sköllóttu höfðinu. Allt í kringum hann voru himinblá kerti af öllum stærðum og gerðum. Kveikt var á nokkrum þeirra á einhvers konar altari. Hægt var að lesa tálguð orð á tréplötu við fætur styttunnar. Þar stóð: „Heilagur Evgeníus“. Það rifjaðist upp fyrir mér að hann er dýrlingurinn sem fólk ákallar til að börn fæðist heilbrigð og hraust. Mér fannst það viðeigandi í þessu þorpi. Fyrir utan stóð að auki einföld stytta úr ryðfríu stáli. Hún undirstrikaði sérkennilega dýrkun íbúanna á Evgeníusi. Altarið og stytturnar voru ekki það eina sem finna mátti uppi á hæðinni. Þar var líka fontur með vígðu vatni. Ég gekk að honum til að væta varirnar með fingrunum. Það var einkennilegt því vígða vatnið bragðaðist eins og gin.

Nokkrum metrum ofar var útsýnisstaður með glerveggjum og nokkrum gömlum sjónaukum. Hann var staðsettur efst á hæðinni og gerði manni kleift að sjá þorpið frá öðru sjónarhorni. Ég fór að einum sjónaukanum og setti í hann pening. Hann fór strax í gang en ég sá ekkert. Ókunnur maður togaði í jakkann minn og dró mig varlega frá. Þegar ég sneri mér við sleppti hann mér. Hann var fyrsta manneskjan sem varð á vegi mínum síðan ég hóf ferðalagið. Hann var líklega rúmlega tvítugur og ég tók eftir þykkri silfurkeðju sem hann bar um hálsinn og huldi áberandi ör. Þetta einkennilega skart fullvissaði mig um að hann var ekki að villast.

„Hvernig dirfistu?“ spurði maðurinn mig yfirvegaður. „Ég átti ekki um neitt annað að velja. Mig langar bara að vita tvennt.“ Maðurinn svaraði mér ekki strax. Þögn hans virtist bjóða mér að leggja fyrir hann spurningu. Rangt. „Mér er alveg sama um hvað þú vilt vita,“ sagði hann og starði á kviðinn á mér. „Þér ber að hlusta á það sem ég hef að segja.“ „Allt í lagi,“ muldraði ég í uppgjafartón.

Hann sagðist ekki vera viss um að ég myndi skilja það sem hann hefði að segja og fullyrti að hann væri í þessu þorpi til að forðast fólk eins og mig. „Ég heyri á andardrætti þínum sligandi kviðann og finn hvað þú ert viðbjóðslega andfúl,“ sagði hann svo. „Frammi fyrir þessu er annaðhvort að gera uppreisn eða flýja og hér búum við, uppreisnarseggirnir. Ef þú þolir það, haltu þá áfram. En ekki halda að þetta verði einföld skoðunarferð.“

Án þess að gefa mér tíma fyrir útskýringar hóf hann göngu sína niður hlíðina. Ég hljóp á eftir honum en það var til einskis. Ég náði honum ekki. Ég sneri við og þegar ég kom að altari heilags Evgeníusar fann ég fyrir ómótstæðilegri þörf. Ég náði í eldspýtur úr veskinu mínu og kveikti á kerti. Stærsta kertinu sem ekki var þegar tendrað. Samdi stutta bæn og bað einungis um að skilja það sem ég var að ganga í gegnum. Ef þetta var dýrlingur góðu manna varð hann að hlusta á það sem ég var að biðja um.

Ég fór aftur upp í kláfinn og nú lá leiðin niður. Þar settist ég frekar ringluð upp í bílinn og ók af stað meðfram ströndinni til norðurs. Áhyggjufull velti ég fyrir mér því sem maðurinn með keðjuna hafði sagt þegar einhver kastaðist skyndilega á framrúðu bílsins. Ég bremsaði harkalega og annar ropi stóð fastur í kokinu á mér. Ég hélt að ég hefði drepitð manneskjuna.

Strákur, varla eldri en fimmtán ára, stóð strax upp. Hann virtist ómeiddur og togaði fram langar ermar bolsins sem hann var í til að fela greinileg ör. Það var eins og að hann tæki ekki eftir að ég hefði keyrt á hann. Hann hélt göngu sinni áfram. Hann var á flóttu. Ég gerði mér grein fyrir því að hann var að flýja mig.

Ég hljóp hann uppi. Ég náði að stöðva hann með því að staðnæmast beint fyrir framan hann. Hann stansaði og horfði á mig hatursfullu augnaráði. Hann togaði stanslaust í ermar bolsins og leit upp, eins og til að ögra mér. Í þetta sinn var það ég sem byrjaði samtalið með spurningu sem virtist koma í beinu framhaldi af samtalinu við manninn með keðjuna. „Af hverju uppreisnarseggir?“

Hann gaf sér tíma til að horfa áhugalaus út yfir sjóndeildarhringinn, án þess að líta af hafinu sem varð dekkra og dekkra eftir því sem dimmdi. Loks svaraði hann og sagði: „Uppreisnarseggir, flóttamenn, auðnuleysingar.“ Hann tönnlaðist á þessu eins og um væri að ræða utanbókar lærða setningu. „Ekki freista okkar, ekki drepa okkur. Farðu nú, gerðu það,“ sárbað hann mig. „Þú hefðir aldrei átt að koma.“

Ég varð sem steinrunnin á miðjum veginum á meðan strákurinn hvarf úr augsyn eftir ströndinni. Ég held að hann hafi gengið í sjóinn en ég er ekki viss. Mig svimaði. Ég settist algjörlega ringluð inn í bíl og keyrði stefnulaust um þorpið. Keyrði í tvo tíma og var ekki í neinum vafa lengur. Ég fór að skilja truflandi merkingu

þessara mynda. Karlmenn, bara karlmenn, alls staðar. Án mæðra, dætra, eiginkvenna, elskenda og systra. Bandamenn fram í rauðan dauðann. Ég hægði á mér. Í þessum andlitum útlaganna kannaðist ég við sama óttann og hafði fyrir nokkrum dögum fallið fyrir eigin hendi í rúminu mínu. Hann hafði valið flótta frekar en uppreisn.

Nú var það ég sem óskaði þess að flýja. Komast burt úr þessu þorpi veseldar og myrkurs. Mér fannst ég skilja ástæðu flóttans. Virðuleika, heiðarleika, en einnig mótsögn. Ef maður var yfir sig kominn var flóttinn eina leiðin út. Þó vantaði eitthvað. Ég var varla orðin róleg yfir þessari ályktun þegar sendibíll keyrði inn í þorpið. Í honum var tíu manna hópur karla, augljóslega nýkomnir. Þeir sáu mig ekki í gegnum lituðu rúðurnar utan einn þeirra sem kom auga á mig í gegnum vinstri framrúðu bílsins. Hann vippaði sér út úr sendibílnum og gaf mér merki um að stöðva bílinn. Hinir héldu áfram ferð sinni án þess að bíða eftir honum.

Af einskærri forvitni stöðvaði ég bílinn en hélt kyrru fyrir inni í honum. Ég var óttaslegin og beið þess að hann nálgast. Hann bankaði í rúðuna með báðum höndum og kraup á hné. „Ég sé eftir þessu!“ óskraði hann á mig. „Opnaðu dyrnar. Gefðu mér sopa.“

Þegar ég opnaði miðaði ég byssu að bringu hans. Á því augnabliki skildi ég allt. Ferðalag mitt, eftirsjá hans, löngun ástmanns míns til að deyja. „Hérna lifa þeir sem gátu ekki dýpkað ör sín,“ sagði hann mér. Þeir sem hættu við að skjóta á síðustu stundu, þeir sem komust hjá hnífstungunni áður en það var of seint, þeir sem hertu ekki reipið nógu fast, þeir sem völdu kyrrlátt líf. Þeir angurværu, vonlausu, kjarklausu.

Hann færði vopnið til hliðar og tók lítið samanbrotið blað upp úr vasanum. Ég kraup við hlið hans. „Segðu mér hvað ég á að skrifa,“ bað hann mig. „Segðu mér hvað þú hefur viljað lesa.“ Ég veit af hverju hann er hérna.

Ég rétti honum penna og hóf að segja honum hvað hann ætti að skrifa í bréfið sem ég fékk ekki. „Þetta er ekki kúgun,“ heyrði ég sjálfa mig segja til að líða betur. Ég tók mér tíma til að ákveða næstu setningu. Þá heyrði ég byssuskot. Öðru skoti hafði verið hleypt af með annarri hægri hendi í annað hjarta. Sami flóttinn. Sama merkingarleysi lífsins þegar ástin er ekki lengur til staðar. Blóðið

skvettist á blaðið. Ég tók það upp og færði að hjarta mínu, sem sló ákaft. Ég settist aftur upp í bílinn og keyrði í marga klukkutíma með blaðið þétt upp við brjóst mitt án þess að geta ákveðið hvort ég ætti að gera uppreisn eða flýja.

Ég þræddi sömu leið til baka. Hún lá að mínum eigin landa-
mærum. Ég fór aftur að leiði hans og grét þurrum tárur. Ég átti
engin önnur. Ég gróf þetta bréf sem var ekki mér ætlað, heldur
þeim sem hafði iðrast. Ég hófst handa við að grafa mína eigin gróf.
„Ef ástin snýr ekki aftur, dey ég.“ Þannig hljómaði grafskrift mín.
Hljóðlátt angur harmonikkunnar hljómaði í fjarska og beiskur ropi
ginsins ruddist fram.

Ég ákvað að gera ekki ráð fyrir þeim möguleika að snúa til baka.

Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr frummálinu.